

„Já, en hvað kemur það þessu við?“

„Ef vér værum enn þá heiðingjar“—sagði konungurinn,—
„þá lægir þú nú klofinn í herðar niður við fætur mína; því
hver, sem lét skugga sinn falla á konunginn, var tekinn af lífi
án vægðar. Að þetta er ekki svo nú er vegna þess, að vér erum
orðnir kristnir.“

Hinn raupsami kaffeinn fann ekki ástæðu til að segja kon-
unginum meir af vantrú sinni.

K. K. Ó., úr
The Foreign Missionary.

AUGLÝSING.

„Börnin“ eru gefin með „Sam.“ En þau verða líka seld sérstök. Kosta þau þá 35 cent. um árið, þegar eitt og eitt er selt. En börnum, sem útvega áskrifendur að blaðinu og senda verðið fyrir það með pöntuninni, verða gefin *sölu-láun*. Fyrir að selja 8 eintök verður gefið eitt eintak í betra bandi—selt á 50 cent—af „Sálmum og öðrum söngum“, sem „Bandalögin“ hafa látið gefa út. Fyrir að selja 4 eintök verður gefið eitt eintak af því í ódýrara bandinu—selt á 25 cent. Fyrir að selja 2 eða 3 verður gefin mynd. Börnin, sem selja, mega telja eintakið, sem þau sjálf kaupa. Peningar með skýrri utanáskrift áskrifenda sendist til *hr. Jóns J. Vopna, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Can.* Peningar frá Bandaríkjunum sendist með póstaðvísun (en ekki banka-áðvísun eða eiginhandar-áðvísun).

TIL GAMANS.

Litli eða stóri áþinn. — Prestur nokkur var að leika við lítinn systurson sinn. Hann lét hann sitja upp á öxlinni á sér og var að spauga við hann. Fyrir framan þá var spegill. Honum verður litið í spegilinn og segir þá við drenginn: „Sérðu apann þarna í speglinum?“

Hnokkinn svarar: „Áttu við litla eða stóra apann, frændi?“

Embættisnafn hans.—Nýlega var litil stúlka á skóla í Bandaríkjunum spurð að því, hver æðsti maður stjórnarinnar væri. „Mr. Roosevelt,“ svaraði hún undir eins.

„Það er rétt,“ segir kennarinn. „En hvert er embættisnafn hans? Segðu mér það, góðin mín.“

„Teddy!“ svaraði hún óðar og var upp með sér af því.